



Endurskoðuð áætlun Íbúðalánasjóðs 2008

(um útlán, útgáfu íbúðabréfa og greiðslur)

Íbúðalánasjóður hefur endurskoðað áætlanir um útlán, útgáfu íbúðabréfa og greiðslur, til hækkunar í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands þann 19. júní s.l. um sérstakar aðgerðir í húsnæðismálum. Helstu ástæður hækkunar eru: afnám tengingar við brunabótamat, hækkun hámarksbláns í 20 milljónir króna og auknar heimildir til leiguíbúðalána um 5 milljarða.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kom fram að stofnaðir yrðu tveir lánaflókkar til endurfjármögnunar á íbúðalánum fjármálafyrirtækja. Fyrri lánaflókkurinn fjallar um endurfjármögnun eldri lána og verður það gert með afhendingu íbúðabréfa til skamms tíma, í stað trygginga frá fjármálastofnun í formi íbúðalána. Skilyrði er að fjármálastofnanir afhendi íbúðabréfin í veðlávaviðskiptum við Seðlabanka Íslands. Allt að 30 milljarðar króna eru til ráðstöfunar til handa fjármálastofnunum í þessum flokki skv. skilmálum en ekki er um eiginlega frumsölu íbúðabréfa að ræða. Því koma þær tölur ekki til með að falla inn í endurskoðaðar áætlanir ársins 2008. Seinni lánaflókkurinn fjallar um fjármögnun nýrra íbúðalána fjármálastofnana og er gert ráð fyrir að allt að 30 milljarðar standi fjármálafyrirtækjum til boða í þeim flokki. Áætlað er að útfærslur og skilmálar verði tilbúnir á fjórða ársfjórðungi og því er ekki tekið tillit til þessa lánaflökks í þessum áætlunum.

Endurskoðuð áætlun útgáfa íbúðabréfa Íbúðalánasjóðs fyrir árið 2008 til fjármögnunar nýrra útlána er 47 – 51 milljarðar króna, sem er hækkun um 10 - 12 milljarða frá fyrri tölum.

Íbúðalánasjóður áætlar að ný útlán sjóðsins verði á bilinu 60 – 64 milljarðar kr. á árinu 2008 sem er hækkun um 9 - 11 milljarða frá fyrri áætlun.

Útboð Íbúðabréfa og útlán Íbúðalánasjóðs

Áætlun 2008	1.Q	2.Q	3.Q	4.Q	Alls 2008
Útgáfa Íbúðabréfa	0	16	17 - 19	14 - 16	47 - 51
Ný útlán Íbúðalánasjóðs	11	14	18 - 20	17 - 19	60 - 64

Tölur eru í milljörðum ISK.

Það skal tekið fram að nákvæmar tölur um útgáfu íbúðabréfa er ekki hægt að gefa. Þannig geta einstaka tölur í útboðum færst á milli ársfjórðunga og veltur það á markaðsaðstæðum hverju sinni.

Íbúðalánasjóður áætlar að greiðslur skuldbindinga sjóðsins hækki um 1 milljarð króna á þriðja ársfjórðungi og 1 milljarð á fjórða ársfjórðungi og verði á bilinu 49 - 53 milljarðar króna á árinu 2008. Er stærstur hluti þeirra tilkominn vegna afborgana íbúðabréfa.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs

Áætlun 2008	1.Q	2.Q	3.Q	4.Q	Alls 2008
Greiðslur Íbúðalánasjóðs	12	13	11 - 13	13 - 15	49 - 53

Tölur eru í milljörðum ISK.

Áætlun þessi miðast við núverandi aðstæður á fasteigna- og íbúðalánamarkaði. Verði breytingar á markaðsaðstæðum má reikna með að ofangreind áætlun geti breyst. Íbúðalánasjóður endurskoðar áætlanir sínar ársfjórðungslega og oftar ef þörf krefur.

